



Öldungaráð  
Tjarnagötu 11  
101 Reykjavík

Reykjavík, 9. febrúar 2026  
MSS25100004

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 28. janúar 2026 varðandi eftirfarandi mál:

### **Tillaga fulltrúa U3A og Samtaka aldraðra um almenningabekki og minningabekki**

Lögð fram tillaga fulltrúa U3A og Samtaka aldraðra um almenningabekki. Tillagan var lögð fram á fundi mannréttindaráðs, sbr. 3. liður, dags. 6. nóvember 2025 og vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs.

Tillögunni er vísað frá með 4 atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Vinstri grænna. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins greiða atkvæði gegn frávísuninni.

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúar meirihluta í umhverfis- og skipulagsráði fagna áhuga Samtaka aldraðra, U3A og mannréttindaráðs borgarinnar á almenningabekkjum og þá sérstaklega minningabekkjum. Þau atriði sem tilgreind eru í tillögunni eru hins vegar til staðar nú þegar, þar með talið sérstakur ferill um minningabekki. Ljóst er að bæta þarf sýnileika og aðgengi á veraldarvefnum þannig að íbúar í borginni geti kynnt sér betur þessi mál og eins möguleika þeirra til þess að hafa áhrif á staðsetningu almenningabekkja.

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins harma að tillögu Samtaka aldraðra um almenningabekki og minningabekki sé vísað frá. Mikilvægt er að skýr stefna sé mótuð um almenningabekki í því skyni að auka aðgengi og öryggi borgarbúa. Þá er nauðsynlegt að skýrar reglur séu settar um að bekkir séu í öllum strætóskýlum borgarinnar og bekkir númeraðir í borgarlandinu.

Lögð fram svohljóðandi bókun áheyrnarfulltrúa Viðreisnar:

Fulltrúi Viðreisnar hefði fagnað meiri undirtekt um hugmyndir um minningabekki. Að gefa bekkjum í borgarlandinu dýpri og sterkari merkingu væri fagnaðar efni. Einnig harmur að heyra hversu stórt verkferli uppsetning á einum bekk er og bersýnilegt er að hreinsa þarf í verkferlum til að auka hagkvæmi rekstur borgarinnar.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir  
*Skrifstofa stjórnsýslu og gæða  
Umhverfis- og skipulagssvið*



**Reykjavík**



Umhverfis- og skipulagsráð

Reykjavík, 7. nóvember 2025

MSS25100004

### **Tillaga fulltrúa U3A og Samtaka aldraðra um almenningsbekki og minningarbekki**

Á fundi mannréttindaráðs þann 6. nóvember 2025, var samþykkt að vísa meðfylgjandi tillögu fulltrúa U3A og Samtaka aldraðra, til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs, sbr. 3. lið fundargerðar mannréttindaráðs sama dag.

Mannréttindaráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Mannréttindaráð styður tillöguna og leggur áherslu á að hún hljóti vandaða meðferð í umhverfis- og skipulagsráði. Mikilvægt er að mótuð sé skýr og samræmd stefna um staðsetningu og hönnun almennisbekkja í borgarlandinu, sér í lagi minningarbekkja.

Tillögunni er því hér með vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs.

Elísabet Pétursdóttir  
*Mannréttindaskrifstofa*  
*Miðlæg stjórnsýsla*

Hjálagt:  
Tillaga



**Reykjavík**



## TILLAGA

### Tillaga fulltrúa U3A og Samtaka aldraðra um almenningsekkja

Lagt er til að mannréttindaráð samþykki að óska eftir við umhverfis- og skipulagsráð að borgaryfirvöld setji sér heildstæða stefnu með gagnsæi að leiðarljósi, hvað varðar uppsetningu almenningsekkja, þar með talið minningarekkja. Þar verði sett skýr markmið og þeim fylgi mótuð framkvæmdaráætlun. Að borgin setji skýrar reglur um minningarekki s.s. staðsetningu, útlit, minningaskjöld og kostnað. Útbúið verði jafnframt form umsóknar sem er aðgengilegt almennum borgurum til útfyllingar sem þess óska.

#### Greinagerð:

Reykjavíkurborg hefur verið í fararbroddi síðustu ár við að fjölga hjólreiða- og göngustígum og er nú komið glæsilegt net slíkra leiða um alla borg sem tengjast síðan sumar slíku kerfi í nágrannasveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.

Þetta er áttak í vistvænum samgöngumáta og ekki síst heilsuefningaráttak í þágu almennra borgara. Nú er komið að því að huga enn betur að þeim sem kjósa að nota gönguferðir sér til heilsuþótar.

Hreyfing er mikilvæg eldra fólki og göngustígar eru frábær viðbót til heilsuefningar. En það er nauðsynlegt að reglulega sé hægt að staldra við og setjast á bekk til að hvíla lúin bein áður en haldið er áfram göngu á áfangastað eða einfaldlega til heilsuþótar.

Þá er vert að huga að því almenningsekkir séu með hæfilegu millibili, að þeir snúi í átt að sól og/eða fögru útsýni, þeir megi líka sumir hverjir hafa innstungur fyrir snjalltæki, kóða með upplýsingum um nærumhverfið og jafnvel skemmtiefni eins og ljóð eða annan fróðleik.

Mikilvægt er að almenningsekkir beri skýr og auðsjáanleg númer. Slík númer ættu að auðvelda fólki sem hefur leiðst af vegi og misst áttana (t.d. fólk með heilabilun) að tilkynna ættingjum, vinum eða viðbragðsaðilum hvar þau eru svo hægt sé að bregðast við. Neyðarsíminn 112 ætti að hafa yfirlit um númerakerfi bekkjanna og fleiri viðbragðsaðilar og þjónustuaðilar.

#### Heilabilun

Á Íslandi er talið að á milli 5-6.000 einstaklingar glími við heilabilun.

Félagsleg tengsl minnka bæði líkur á heilabilun og hægja á framgangi heilabilunar. Ein besta forvörnin gegn heilabilun er regluleg hreyfing. Einnig er mikilvægt að almenningsekkir beri númer eins og bent er á hér að ofan.





*Alzheimersamtökin* í samstarfi við nokkur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu vilja biðja þig um að *Muna leiðina*. Nú hafa verið settir niður fjólubláir bekkir víðsvegar, en fjólublár er alþjóðlegur litur Alzheimer sjúkdómsins og annara heilbilunarsjúkdóma.

Sveitarfélög sem hafa tekið þátt í verkefninu nú þegar eru: *Reykjavíkurborg* við Reykjavíkurlugvöll og göngubrúna í Fossvogi, *Seltjarnarnesbær* við Gróttu, *Kópavogsbær* á Kársnesi, *Garðabær* við Sjáland, *Mosfellsbær* er með bekk á útsýnisstað á Blikastaðanesi og í *Hafnarfjarðarbæ* við gömlu sundlaugina í Hafnarfirði.

Allir bekkirnir eiga það sameiginlegt að standa við sjávarsíðuna með fallegu útsýni en saman mynda þeir einnig skemmtilega leið í gegnum öll þessi sveitarfélög.

Á bekkjunum er QR kóði sem hægt er að skanna og styrkja um leið Alzheimersamtökin.

### **Strætóbekkir**

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa lagt áherslu á að almenningssamgöngur verði raunverulegur valkostur fyrir íbúa í náinni framtíð.

Það er mikilvægt að bekkir séu á öllum stoppistöðvum strætó. Að þeir séu í strætóskýli, því biðin eftir strætó getur verið þó nokkuð löng í alls kyns veðrum. Skýli þurfa líka að vera þannig útbúið að auðvelt sé að koma auga á Strætó tímanlega.

### **Minningarbekkir.**

Fyrir um áratug hlaut hugmyndin *Minningarbekkir* gríðar mikinn stuðning á vefnum *Betri Reykjavík*. Hugmyndinni fylgdi ábending á að gera mætti ráð fyrir nokkrum kostnaði af því að koma bekk fyrir og yrði hann væntanlega greiddur af umsækjendum og Reykjavíkurborg sjálf setti reglur um slíka bekki hvað varðar útlit (þ.m.t. minningaskjöldur), staðsetningu o.s.v.frv.

Skipulags- og samgönguráð hafði síðan forgöngu á að fá tillögu að framkvæmd Minningarbekkja og skilaði Umhverfis- og skipulagssvið tillögu og greinagerð til ráðsins 5. mars 2021.

Hér má lesa skjalið: [https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/minningarbekkir\\_verkferill.pdf](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/minningarbekkir_verkferill.pdf)

Síðan þetta gerðist hefur engin formleg ákvörðun verið tekin af borgaryfirvöldum um minningarbekki, en einstaka aðilar hafa þó í gegnum tíðina fengið umsóknir sínar samþykktar án þess að lögformlegt ferli væri til staðar.

Við teljum brýnt að borgaryfirvöld samþykki minningarbekki í borgarlandinu og setji um þá skýrar reglur. Reglur og umsóknarform verði aðgengilegt öllum borgarbúum og afgangið fari eftir lögformlegum og gagnsæum leiðum.



**Reykjavík**